

.....

# TÓNLEIKAR

*Sinfóníuhljómsveit áhugamanna*

.....



í Seltjarnarneskirkju  
sunnudaginn 15. febrúar 2009  
kl. 17:00

Einleikari: **Sif Tulinius**

Stjórnandi: **Óliver Kentish**

Aðgangseyrir er kr. 1500, frítt fyrir börn,  
afsláttarverð kr. 500 fyrir nemendur og eldri borgara.

.....




## Efnisskrá:

**L. van Beethoven:** Kaflar úr tónlist við „Rústir Apenuborgar“, ópus 113  
Forleikur, *Andante con moto* – *Allegro ma non troppo*  
*Tyrkneskur mars, Vivace*

**W. A. Mozart:** Fiðlukonsert nr. 5 í A-dúr, K 219  
*Allegro aperto* – *Adagio* – *Allegro aperto*  
*Adagio*  
*Rondeau, Tempo di Menuetto*

- HLÉ -

**J. Haydn:** Sinfónía í G-dúr nr. 92  
*Adagio* – *Allegro spiritoso*  
*Adagio*  
*Menuetto: Allegretto*  
*Presto*



## UM EFNISKRÁNA

Með tónleikunum í dag heiðrar Sinfóníuhljómsveit áhugamanna minningu Franz Joseph Haydns en á þessu ári eru liðin 200 ár frá því að hann lést. Af því tilefni leikum við verk hans og samtímamanna hans. Tónverkin eru öll samin á árunum 1775 til 1811. Tónlistin í Vínarborg blómstraði en á Íslandi var hins vegar kreppa, ein sú versta sem yfir Þjóðina hefur dunið. En ólíkt þeirri sem nú ríður yfir, var kreppan á átjándu öld af völdum náttúrunnar. Það voru harðindi, Skaftáreldar og jarðskjálftar á Suðurlandi, einhverjar mestu náttúruhamfarir sem orðið hafa á sögulegum tíma. Þjóðinni fækkaði um fimmtung á fáum árum. Hannes Finnsson biskup, samtíðamaður Haydns, skrifaði bókina „Um mannfækkun af hallærum á Íslandi“ til þess að sýna fram á að þjóðin hefði oft áður lent í þrengingum en samt lifað af. Minnumst þess einnig nú.



*Ludwig van Beethoven.*

**Ludwig van Beethoven** (1770-1827) samdi tónlist við leikritið „Rústir Apenuborgar“ eftir August von Kotzebue sem flutt var við vígslu nýs leikhúss í Pest árið 1811. Verkið samanstendur af forleik og átta köflum og er sjaldan flutt í heild. Forleikurinn heyrir þó oft og tyrkneski marsinn er vel þekktur. Í leikritinu hafa Tyrkir sigrað Apenuborg og lagt hana í rúst. Áhorfendur láti þó ekki hugfallast því listirnar blómstra í Búdapest! Tyrknesk herlúðrasveit nálgast, gengur framhá og fjarlægist.



*Leopold Mozart með fiðluna, undrabarnið Wolfgang Amadeus Mozart við sembalinn.*

**Wolfgang Amadeus Mozart** (1756-1791) var ekki aðeins afburða tónskáld og snjall hljómborðsleikari. Hann var líka góður fiðluleikari. Leopold, faðir hans, var virtur fiðluleikari og kennslubók, sem hann skrifaði, var í notkun löngu eftir hans dag. Mozart samdi nokkra fiðlukonserta, flesta á tímabilinu 1773-1779, og hefur líklega frumflutt þá sjálfur þó öruggar heimildir fyrir því finnast ekki. Konsertinn í A-dúr, sem hér er fluttur,

var saminn 1775 og frumfluttur um jólaleytið. Hafi Mozart sjálfur leikið hann, fer ekki milli mála að 19 ára unglingurinn hefur verið býsna sleipur fiðlari. Konsertinn er stundum kallaður Tyrkneski konsertinn vegna lokakaflans. Hann er saminn í dæmigerðu rondó-formi en bregður skyndilega á leik með tyrknesku innskoti. Strengjaleikararnir slá strengina með öfugum boganum og hljómagangurinn verður framandlegur. Þó Leopold hafi hvatt son sinn til dáða við fiðluleikinn var Mozart aldrei sérstaklega áhugasamur. Hann sýndi raunar víólunni meiri áhuga og lék gjarnan á hana á mannamótum. Frægt er þegar einn af kvartettum Mozarts var fluttur í Vínarborg. Þar léku Haydn og Dittersdorf á fiðlur og Mozart á víólu. Það hefur líklega ekki verið leiðinlegt að vera sellóleikari í þeim kvartett.



*Haydn, málverk frá 1792.*

**Franz Joseph Haydn** (1732-1809) er gjarnan talinn höfuðtónskáld klassíska tímabilsins í Vín. Hvort tveggja var að hann var mjög afkastamikill og varð langlífur. Hann var einnig frumlegur í tónsmíðum sínum og innleiddi nýjungar sem síðan festust í sessi. Nafngiftir eins og „faðir sínfóníunnar“ og „faðir strengjakvartettsins“ eiga fyllilega við. Hann samdi ekki færri en 104 sínfóníur og meira en 70 kvartetta. Auk þess samdi hann 14 messur, 16 óperur, meira en 60 píanósónötur, marga einleikskonserta fyrir ýmis hljóðfæri og margt fleira. Hin miklu áhrif, sem hann hafði á samtímamenn sína og nemendur, má vafalaust að nokkru rekja til skaplyndis hans. Þeir litu á hann sem óumdeildan andlegan föður sinn. Árið 1792 var Haydn sæmdur heiðursdoktorstitli við Oxfordháskóla í Englandi. Með í förinni til Oxford hafði hann nýja sínfóníu til að flytja á hátíðartónleikum af þessu tilefni. Ekki gafst þó tími til að æfa nýju sínfóníuna og var því leikin önnur sem var samin fjórum árum fyrr, sú númer 92 í G-dúr. Hún hefur síðan borið heitið Oxfordsínfónían. Haydn stjórnaði sjálfur. Flutningurinn hlaut gríðarlegt lof og naut Haydn mikilla vinsælda í Englandi upp frá þessu. Í annarri ferð til Englands 1794 voru lögð drögin að óratóríunni „Sköpunin“ sem ýmsir telja hápunktinn á tónsköpunarferli Haydns.

## **EINLEIKARINN**



**Sif Tulinius** lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík vorið 1991 undir leiðsögn Guðnýjar Guðmundsdóttur. Hún stundaði framhaldsnám í Bandaríkjunum og lauk B.A. prófi frá Oberlin College sem nemandi Almitu og Rolands Vamos og meistaraþráðu frá New York þar sem kennarar hennar voru Joyce Robbins og Joel Smirnoff. Að námi loknu lagðist Sif í ferðalög. Hún var stofnandi og meðlimur strengjakvartettsins Khali, stofnandi og meðlimur Íslenska strengjaoktettsins sem lék inná geisladisk Bjarkar, Homogenic, og meðlimur New York Symphonic Ensemble í New York. Næstu 2 ár ferðaðist Sif með þessum hópum og lék á fjölmörgum tónlistarhátíðum um allan heim. Að þessu loknu settist hún að í Berlín þar sem hún starfaði með mörgum virtum tónlistarhópum í Þýskalandi og má þar nefna Ensemble Modern í Frankfurt, Münchener Kammerorchester og Oriol Ensemble í Berlín. Sif hefur verið áberandi í íslensku tónlistarlífi, kom m.a. nýlega fram sem einleikari bæði með Kammersveit Reykjavíkur og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Henni voru úthlutað starfslaun listamanna 2002 og kom geisladiskur hennar „Poeme“ út í kjölfar þess.

## **HLJÓMSVEITIN KYNNIR SIG:**




**Anna Jórunn Stefánsdóttir** hóf tónlistarnám í Barnamúsíkskólanum 10 ára gömul og lærði þar fyrst á blokkflautu en síðan á bassagígju hjá dr. Heinz Edelstein. Fór síðan í Tónlistarskólann í Reykjavík og lærði á selló hjá Einari Vigfússyni, píanó hjá Gísla Magnússyni og söng hjá Engel Lund. Hún útskrifaðist úr tónmenntakennaradeild (sem þá hét söngkennaradeild) Tónlistarskólans og starfaði sem tónmenntakennari við Grunnskólann í Hveragerði um árabíl. Þá stundaði Anna Jórunn nám í

.....

sérkennslufræðum við KHÍ og talmeinafræði í Osló og hefur starfað við talþjálfun síðastliðin 20 ár.

Anna Jórunn hefur sungið í kórum frá unglingsaldri. Var ein af stofnendum Pólyfónkórsins og starfaði þar í mörg ár, hefur sungið í Kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandarsókna frá árinu 1974 og einnig í Söngsveit Hveragerðis í nokkur ár. Anna Jórunn hefur leikið á selló með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna frá hausti 2000.



**Guðrún Másdóttir** hóf að læra á óbó í Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar 14 ára að aldri og lauk þaðan fullnaðarprófi árið 1992 undir handleiðslu Daða Kolbeinssonar. Hún sótti nær öll námskeið Sinfóníuhljómsveitar æskunnar undir stjórn Paul Zukovsky á árunum 1985-1991 og hefur nokkrum sinnum leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Guðrún

útskrifaðist úr Þroskaþjálfaskóla Íslands vorið 1992 og starfaði við leikskólann Múlaborg til ársins 1997 þegar hún söðlaði um og hóf nám við HÍ í tölvunarfræði. Frá árinu 2000 hefur hún starfað sem tölvunarfræðingur hjá Nýherja, síðan Applicon. Guðrún hefur leikið með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna óslitið frá byrjun árs 1991. Hún er í stjórn hljómsveitarinnar og hefur umsjón með vefsíðu hennar.



**Kjartan Guðnason** er verkefnastjóri hjá Geislavörnum ríkisins. Eftirlætistónskáld hans eru J. S. Bach og Frank Zappa. Kjartan fór ungur að sýsla við tónlist en hóf ekki eiginlegt tónlistarnám fyrr en að loknu stúdentsprófi. Þá tók hann til við að læra á kontrabassa hjá Jóni bassa, hélt síðan til frekara náms í Þýskalandi og starfaði þar með ýmsum hljómsveitum.

Hann hefur leikið með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna frá árinu 1996 og er gjaldkeri í stjórn hennar. Geislunarstyrkur umhverfis kontrabassa Kjartans er að jafnaði um 50 nSv/h.

.....



**Páll E. Ingvarsson** byrjaði að spila á fiðlu 10 ára gamall, hjá Friedrich Weigel við Kommunala Musíkskolan í Västerås í Svíþjóð. Eftir 3 ár flutti fjölskyldan til Gautaborgar, þar sem hann var „objekt-elev“ (æfingarnemandi) hjá nemenda á kennarabraut tónlistaháskólans í Gautaborg. Þar stundaði hann nám í þrjú ár, í tvö ár á

undanþágu samhliða menntaskóla, en eitt ár í fullu námi 1972-1973, hjá prófessor Kenneth Freiholtz. Aðstæður höguðu því svo að hann flutti til Íslands, hóf nám í læknadeild Háskóla Íslands og spilaði lítið sem ekkert fyrir utan eitt ár í Skólahljómsveit Tónlistarskólans undir stjórn Björns Ólafssonar. Sem héraðslæknir á kandidateild tók hann þátt í tónlistarlífínu á Siglufirði. Árið 1982 fluttist Páll ásamt fjölskyldu sinni til Gautaborgar í sérnám og til starfa við taugalækningar, einkum meðferð mænuskaðaðra og Parkinsonsveiki, sem varð rannsóknarverkefni í doktorsritgerð hans. Þar spilaði hann með ýmsum hópum og hljómsveitum. Tveim vikum eftir að hann flutti heim til Íslands aftur í október 2002, til starfa við Endurhæfingardeild Landspítalans að Grensá, byrjaði hann að leika með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna þar sem hann hefur leitt 2. fiðlu af öryggi og festu æ síðan. Páll er í stjórn hljómsveitarinnar og er nótnavörður hennar.

*Frekari upplýsingar um starf hljómsveitarinnar  
má finna á vefsíðu hennar:  
[www.ahugasinfonia.is](http://www.ahugasinfonia.is)*

## ***Hljómsveitin er að þessu sinni þannig skipuð:***

**Konsertmeistari:** Helga Ragnheiður Óskarsdóttir

### **1. fiðla**

Helga Ragnheiður Óskarsdóttir  
Hildigunnur Rúnarsdóttir  
Sigrún Andrésdóttir  
Elísabet Vala Guðmundsdóttir  
Jóhannes Vollertsen  
Rós Pétursdóttir  
Anna von Heynitz  
Edda Hreinsdóttir  
Mareike Duessel

### **2. fiðla**

Páll Ingvarsson  
Drífa Örvarsdóttir  
Jónína Thorarensen  
Hólmfríður Þorvaldsdóttir  
Erna Másdóttir  
Helga Andrésdóttir  
Halla Björg Baldursdóttir  
Arianne Gaehwiller  
Brynhildur Höskuldsdóttir  
Inger Helga Valdemarsdóttir

### **Vióla**

Hrefna Katrín  
Guðmundsdóttir  
Hanna Kaasalainen  
Auðbjörg Nanna Ingvarsdóttir

### **Selló**

Páll Einarsson  
Anna Jórunn Stefánsdóttir  
Sverrir Teitsson  
Henrik Deiting  
Agnes Linnet  
Hrefna Guðmundsdóttir  
Kristín Thoroddsen

### **Kontrabassi**

Róine Hultgren  
Kjartan Guðnason

### **Flauta**

Kristrún Helga Björnsdóttir  
Karen Erla Karólínudóttir

### **Óbó**

Sverrir Guðmundsson  
Guðrún Másdóttir

### **Klarinett**

Magnús Pálsson  
Barclay Anderson

### **Fagott**

Sigríður Kristjánsdóttir  
Kristín Mjöll Jakobsdóttir

### **Horn**

Erla Axelsdóttir  
Brynjar Björnsson  
NN  
NN

### **Trompet**

Baldvín Oddsson  
Andrés Björnsson

### **Pákur**

Eggert Pálsson

### **Þríhorn**

Kristrún Helga Björnsdóttir

---

**Næstu tónleikar** hljómsveitarinnar verða haldnir í Seltjarnarneskirkju sunnudaginn 29. mars klukkan 17. Þá verða flutt „Fratres“ fyrir strengi og slagverk eftir Arvo Pärt, Píanókonsert nr. 2 í f-moll eftir Chopin og Ófullgerða sínfónían eftir Schubert. Einleikari á píanó verður Richard Simm og stjórnandi Oliver Kentish.

### ***Hljómsveitin þakkar***

Hljómsveitin þakkar Seltjarnarneskirkju og Sínfóníuhljómsveit Íslands ómetanlegan stuðning.

